

## SMÁVEGIS

Lærðu þett tvent: að láta aldrei hugfallast vegna þess að alt gngur ekki eins þú vildir, og að láta ekki hjá líða, að gera á hvrjum degi það gott sem þér er næst.—*George Macdonald*.

Maðurinn skapar sjálfum sér áhuga, eftirvæntinga, von, næstum sanfæringu um að eitthvað þýðingarmikið muni eiga sér stað, að eitthvað sé í undirbúningi, að maðurinn sé ekki takmark, heldur aðeins vegur, brú, fyrirheit—*Nietzsche*.

Það er ekki sannleikur sá sem maðurinu hefir eignast, eða heldur að hann hafi eignast, heldur fyrirhöfnin, sem hann hefir eignast sannleikann með, sem myndar hið sanna gildi hans. Því ekki með því að hafa sannleikann, heldur með því að leita hans aukast kraftarnir; og í því einu er stöðugt vaxandi fullkominun innifalin—*Lessing*.

Þegar fólk spurði hina fyrstu kristnu menn, hvað þeir nefndu trú sína, voru þeir vanir að svara: „Vér nefnum hana veginn.“—*William E. Barton*.

Það sem mesta þýðingu hefir fyrir oss er að gera sjálfa oss hæfa fyrir hið fyllra líf, sem framundan er. Hver tilraun til sannara lífs nú mun hafa samsvarandi afleiðingu í því sem vér afköstum í framtíðinni. Hver siðferðislegur sigur nú mun bera ávexti í uppskeru framtíðarinnar. Ekkert glatast. Í alheiminum verður ekkert að engu, sem er einhvers virði. Stærra líf er það sem vér þráum; og ódauðleika æskjum vér að eins til þess, að vér getum framkvæmt sumar af hugsjónum vorum og eignast nýjar hugsjónir, haldandi þannig áfram frá einni hugsjón til annarar um alla eilífð.—*William S. Morgan*.